

Framangreind heimtaugargjöld eiga við í skipulögðum hverfum öðrum en búfjárhverfum. Heimtaug á óskipulagt svæði reiknast samkvæmt tilkostnaði hverju sinni.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 10. október 1989 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 171, 4. apríl 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 2. október 1989.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Eyra.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Vatnsrennsli að húsinu verður takmarkað um hemla eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu þeirra.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli, fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 73,09

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkunina innheimtist fyrir hvern mæli á mánuði eftirfarandi fastagjald.

- a) fyrir mæla til og með ½“–1“ kr. 753,00
b) fyrir mæla 1¼“–2“ kr. 1 505,00

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, samkvæmt mælaálestri eða áætlun.

Pó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og/eða fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé af mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það kr. 460,00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupp-hæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

7. gr.

Heimædagjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar byggingar aðrar en bifreiðageymslur.

Heimædagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Rúmmál húsa (utanmál)	Heimæðargjald	
Allt að 500 m ³	kr. 59 241,00	+ 117,34 kr/m ³
500–2 000 m ³	kr. 116 420,00	fyrir 500m ³ + 78,35 kr/m ³ þar yfir
2 000–6 000 m ³	kr. 234 712,00	fyrir 2 000m ³ + 58,65 kr/m ³ þar yfir
Meira en 6 000 m ³	kr. 469 425,00	fyrir 6 000m ³ + 45,26 kr/m ³ þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 9 296,00
í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum, sem á nefndri vísitölu verða, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðar-ráðuneytinu hverju sinni.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Pó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný, greiðir sá sem vanskilum veldur kr. 838,00
hverju sinni.

Þó ekki komi til stöðvunar orkuafhendingar, er hitaveitunni heimilt að krefja notandann um innheimtugjald vegna undirbúnings að stöðvun og innheimtuaðgerða kr. 434,00.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Eyra er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58/29. apríl 1967 til að öðlast gildi 10. október 1989. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 327, 20. júní 1989.

Iðnaðarráðuneytið, 3. október 1989.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

28. september 1989

Nr. 470

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði suður og vestur af Reykjanesskaga.

1. gr.

Frá og með 15. október 1989 til og með 31. desember 1989 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga, sem að austan markast af línu, sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30 N, 21°39 V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°30 N, 21°39 V í punkt 63°40 N, 22°32 V. Að vestan markast svæðið af línu sem dregin er úr punkti 63°40 N, 22°32 V réttvísandi norður af Staðarbergi.

2. gr.

Á tímabilinu frá og með 15. október 1989 til og með 31. janúar 1990, eru allar togveiðar bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42 V og að norðan af 64°20 N.

Á tímabilinu frá og með 1. febrúar 1990 til og með 7. maí 1990 eru allar togveiðar bannaðar á svæði sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita. Að vestan markast svæðið af 23°42 V og að norðan af 64°20 N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. september 1989.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eypórsson.